

„Tíu“—svasarar drengur og er fljótur. Kennarinn átti ekki að venjast slíkum svörum og nú hýrnar yfir honum. Hann heldur, að farið sé að birta ögn til hjá aumingja stráknum. Drengur tekur eftir því, að kennarinn hefir orðið hrifinn af því, hvað óvenjulega vel hann svaraði, svo þegar hann er spurður næst: „Getur þú þá sagt mér, Samini minn, hverjar afleid- ingarnar verða, ef þú brýtur eitt af þeim?“ Þá svarar hann að vörmu spori: „Það verða nú efти!“ Og var nú hreykinn yfir því, hvað óvenjulega vel sér hefði gengið að svara kenn- aranum þennan sunnudag.

---

Kona nokkur, sem er aðkomandi hjá vinkonu sinni einni, spryr son hennar: „þykir þér gaman, Nonni minn, að fara á skóla?“

„Já“—segir drengur mjög einlægnslega. „Og mér þykir líka gaman að fara heim aftur frá skólanum, en eg kær mig ekkert um að vera þar tímann hinn.“

---

*Hélt honum í skefjum.*

Robbi: „Heyrðu, mamma, hvað ætlar þú að gefa mér í jölagjöf?“

Mamma hans: „Æ, eitthvað, sem getur haldið þér í skefjum, Robbi minn.“

Robbi: „Þér er þá ekki til neins að gefa mér neitt annað, mamma, en bumbu.“

---

Faðirinn (um leið og hann lítur mjög alvarlega á sona sinn): „Hvaða drengur er latastur í bekknunum þínum Tumi?“

„Tumi: „Eg veit það ekki, pabbi minn.“

Faðirinn: „Þú aettir þó að vita það. Þegar allir aðrir í bekknun eru að keppast við að lesa lexíurnar sínar, hver er það þá, sem situr aðgerðalaus í sætinu sínu og horfir á hina, í staðinn fyrir að vinna sjálfur?“

Tumi: „Það er kennarinn.“

---

*Afsökun Bjössu.*

Móðirin: „Kennarinn þinn segir mér, að þú sért langt fyrir aftan hin börnin í skólanum, sonur minn.“

Bjössi: „Manstu þá ekki, mamma, að þú hefir æfinlega verið að segja við mig, að eg eigi ekki að trana mér fram?“